



Fjármála- og efnahagsráðuneytið
b.t. skrifstofu skatta-, eigna- og fjármálaumsýslu
Arnarhvoll
101 Reykjavík

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 18. nóvember 2025

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um stöðumat og valkosti um stefnu um opinbera þjónustu

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar stöðumat og valkosti um stefnu um opinbera þjónustu, mál s-216/2025 sem birt var í samráðsgátt 4. nóvember sl. Samtökin fagna samráðinu og taka undir markmið stjórnvalda um að opinber þjónusta sé hagkvæm og skilvirk með raunþarfir notenda að leiðarljósi. Samtökin leggja áherslu á að skilvirkt starfsumhverfi dregur úr sóun og kostnaði, efnahagslífinu til heilla, með einföldu regluverki og eftirliti sem er fyrirsjáanlegt og ekki óhóflega íþyngjandi. Umgjörð opinberrar þjónustu leikur þar lykilhlutverk og þarf sú umgjörð að vera skýr og gagnsæ til að styðja við þróun og vöxt fyrirtækja.

Hér í framhaldi verður fjallað nánar um einstakar áherslur samtakanna sem fram koma í stöðumatinu og valkostum þess.

Reglubundið mat á útvistun

Samtökin leggja áherslu á að hið opinbera, bæði ríki og sveitarfélög, hefur lengi verið beinn þátttakandi í íslensku atvinnulífi og spannar samkeppnisrekstur þess nokkuð breitt svið. Tryggja þarf reglulega endurskoðun á umsvifum hins opinbera í veitingu þjónustu og þá sérstaklega með tilliti til umgjörð stofnana sem og forræði málefna til að sporna gegn tvíverknaði. Leita þarf markvisst leiða til að minnka samkeppni við einkamarkaðinn um starfsfólk með aukinni áherslu á útvistun í þjónustuveitingu. Hið opinbera ætti að líta til aukinnar útvistunar á verkefnum og rekstrarþáttum sem hafa, auk fjárhagslegs ávinnings fyrir ríkið, það að meginmarkmiði að efla samkeppni, auka fjölbreytni og stuðla að nýsköpun í atvinnulífinu. Fyrirhuguð stefna þarf að taka mið af því að ef opinber rekstur skilgreinist hvorki sem nauðsynjaþjónusta né búi öryggissjónarmið að baki ætti hið opinbera að draga sig úr rekstri og leita sérfræðipekkingar eða lausna frá einkaaðilum.

Tækifæri í stafvæðingu og útvistun tæknilausna

Samtökin fagna því að nýsköpun er eitt af forgangsviðfangsefnum stöðumatsins. Stafrænar lausnir og nýting upplýsingatækni gegna sífellt stærra hlutverki í rekstri og samkeppnishæfni



fyrirtækja og á það jafnt við um hið opinbera. Eitt helsta áhyggjuefni félagsmanna samtakanna er að tækifæri fyrirtækja í stafrænni þróun til þess að selja vörur sínar til hins opinbera eru verulega takmörkuð. Þannig vantar í stefnuna umfjöllun um hvernig hið opinbera hyggst tryggja aðgengi fyrirtækja að opinberum gögnum og API-tengingum. Slíkt aðgengi er forsenda fyrir nýrri þjónustu og gagnadrifinni nýsköpun, en íslensk fyrirtæki hafa hingað til átt erfitt með að tengjast kerfum hins opinbera. Verði ekki brugðist við þeirri stöðu skapast hættu á að opinber stafræn umbreyting verði lokuð inni í vistkerfi þar sem hið opinbera þjónustar sjálft almenning en atvinnulífið útilokað frá þróun lausna. Þá hafa komið fram athugasemdir félagsmanna samtakanna um að Stafrænt Ísland, sem bæði hefur stefnumótandi og tæknilegt hlutverk, fari í útboð í þeim tilgangi að láta þróa lausnir sem þegar eru í boði á markaði. Slíkt dregur úr tækifærum fyrir einkaaðila og jafnframt úr hvata til nýsköpunar. Til að tryggja heilbrigða samkeppni þarf hið opinbera að gæta þess að fara ekki fram úr hófi í innvistun, hlutverk þess ætti réttilega að takmarkast við samræmingu, staðlasetningu og ráðgjöf, en fela einkaaðilum raunverulega þróun.

Samstarf við tækni- og innviðafyrirtæki á markaði

Samtökin vilja jafnframt vekja athygli á því að í stefnunni er dregin upp mynd af veikleikum í gagnahögun og gagnainnviðum hins opinbera, meðal annars hvað varðar samræmingu, aðgengi að gögnum, stefnumótun og stöðu tæknilegra innviða. Í ljósi þess er mikilvægt að úrbætur sem stefnt er að verði ekki túlkaðar þannig að þær skuli leystar einvörðungu innan opinberra kerfa. Fjárfestingar í gagnainnviðum, tæknilegri uppbyggingu og rekstraröryggi eru þættir sem gagnaver, fjarskiptafyrirtæki og aðrir sérhæfðir þjónustuaðilar búa að verulegri þekkingu yfir og innviðum sem geta nýst við innleiðingu stefnunnar. Mikilvægt er að mótvægisáðgerðir og úrbætur dragi ekki úr samkeppni eða hvötum til nýsköpunar á markaði.

Þá má benda á að ef aukin áhersla verður lögð á miðlæga samræmingu eða tæknilega staðla sem ekki taka mið af getu og innviðum einkaaðila gæti það leitt til þess að þrengt yrði að starfsemi gagnavera og fjarskiptafyrirtækja. Áhættan felst einkum í því að óljóst eða of íþyngjandi regluverk getur dregið úr nýtingu innlendra innviða og takmarkað möguleika fyrirtækja til að bjóða upp á öruggar og samkeppnishæfar lausnir fyrir hið opinbera. Tryggja þarf að fyrirhuguð stefna skapi skýrar forsendur fyrir samstarf, jafnræði í aðgengi og gagnsæi í því hvernig opinberir aðilar meta og nýta lausnir á markaði. Ef stjórnvöld vilja ná fram hraðri og öflugri framþróun í stafrænum innviðum er lykilatriði að horft sé til sérhæfðra tækni- og innviðafyrirtækja sem starfa á markaði. Einkaaðilar geta í mörgum tilvikum leyst verkefni hratt, hagkvæmt og með minni rekstraráhættu en ef sambærilegir innviðir eru byggðir upp frá grunni af hinu opinbera.

Hagnýting gagna

Samtökin hafa um árábil bent á mikilvægi þess að opinber gögn séu áreiðanleg og birt tímanlega. Opinber gögn eru grundvöllur í ákvörðunartöku í hagstjórn og stjórnun fyrirtækja svo eitthvað sé nefnt. Ítrekað hefur komið upp að mikilvæg opinber gögn eru ekki til, skila sér seint eða eru röng. Miklar leiðréttingar eiga sér oft stað aftur í tímann á þessum gögnum sem dregur úr trúverðugleika og fyrirsjáanleika. Oft nær leiðréttingin yfir misseri og ár. Samtökin leggja áherslu á að úr þessu verði bætt þannig að opinber gögn geti betur stutt við og skapað grundvöll fyrir upplýstar ákvarðanir í hagstjórn og starfsemi fyrirtækja. Þá benda samtökin á



mikilvægi þess að slík gögn séu aðgengileg og sett fram á auðskiljanlegan hátt samfélaginu til heilla.

Lokaorð

Samtökin hvetja stjórnvöld í þeirri vinnu sem framundan er til að tryggja hagkvæma og skilvirka opinbera þjónustu og vísa til framangreindra ábendinga um mikilvægi útvistunar, aukinnar stafvæðingar og eflingu gagnainnviða. Jafnframt leggja samtökin áherslu á fjárfestingu í stafrænum ferlum í gegnum útboð til að ná fram hagræðingu og bættri þjónustu til almennings sem og atvinnulífs.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins

A handwritten signature in blue ink that reads 'Lilja Björk Guðmundsdóttir'.

Lilja Björk Guðmundsdóttir
yfirlögfræðingur